

## **Lesi hratt og lesi mikið**

### **Áfangalýsing**

Leshraði skiptir máli þegar lesa þarf mikið, til dæmis þegar komið er í háskóla, en ekki er hægt að lesa allt jafnhratt ef það á að verða til árangurs. Valgreinin **Lesi hratt og lesi mikið** hefst á 4 vikna hraðlestrarnámskeiði en í kjölfar þess lesa nemendur margvíslega texta, íslenska sem erlenda, allt frá skáldskap til vísinda, og gera munnlega og skriflega grein fyrir sérhverju verkefni. Þá verða kennslustundirnar vinnutímar og einn dagur vikunnar notaður til að gera grein fyrir niðurstöðum. Leshraði verður mældur af og til svo og í lokin. Stutt lokapróf verður á próftíma þar sem nemendur gefa skýrslu, skrásetja reynslu sína og meta breytingar á lestrarlagi sínu.

### **Námsefni:**

- Fjölur Ásbjörnsson og Guðni Kolbeinsson. 1994. Lestu betur, Leskaflar. Iðnú, Reykjavík.
- Sömu höfundar. 1999 Lestu betur, Verkefnabók. Iðnú, Reykjavík. (Bækur eru í eigu MA).
- Aðrar bækur að vali nemenda.

### **Námsmat:**

Árangur á leshraðaprófi í lok 4. viku 30%, árangur á leshraðaprófi í lokin 10% árangur og afköst í lestri bóka 30%, ástundun og stundvísi 10%, stutt lokapróf og skýrsla 20%

### **Kennsluáætlun:**

1. vika. 1. og 2. febrúar: Kynning áfangans, könnuð staða á leshraða
2. vika - 5. vika, 6. febrúar til 9. mars: Hraðlestraræfingar og skipulagning magnlestrar.
7. vika, 12. - 16. mars: Bókalestur. Uppgjör á mánudegi næstu viku.
8. vika, 19. - 23. mars: Hraðlestrarpróf. Bókalestur. Uppgjör á mánudegi næstu viku.
9. vika, 26. - 30. mars: Bókalestur. Uppgjör á föstudegi.

### **Páskafri**

10. vika, 11.-13. apríl: Bókalestur.
11. vika, 16. - 20. apríl: Hraðlestrarpróf. Bókalestur. Uppgjör á mánudegi næstu viku.
12. vika, 23. - 27. apríl: Bókalestur. Uppgjör á mánudegi næstu viku.
13. vika, 30. apríl - 4. maí: Hraðlestrarpróf. Bókalestur. Uppgjör á mánudegi næstu viku.
14. vika, 7.- 11. maí: Bókalestur. Uppgjör á mánudegi næstu viku.
15. vika, 14. - 18. maí: Hraðlestrarpróf. Bókalestur. Uppgjör á mánudegi næstu viku.
16. vika, 21.-23. maí: Lokapróf og uppgjör við áfangann.